

FUNDARGERÐ

305. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, fundasal og í fjarfundi (Teams), miðvikudaginn 10. mars 2022 kl. 10:15.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB) á Teams, Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Endurskoðandi, Magnús Jónsson (MJ) – KPMG, sat fundinn undir liðum nr. 1 og 2.

Óli G. Metúsalemsson verkfræðingur sat fundinn undir liðum 3-5.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir (ÁB)

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Endurskoðunarskýrsla 2021
 - 2 Ársreikningur 2021 – til samþykktar
 - 3 Vatnsveita inn fyrir Ketilstaði á Völlum
 - 4 Hitaveita í Eiða – niðurstöður frummats á leiðarvali
 - 5 Hitaveita í Eiða – gagnkvæm viljayfirlýsing
 - 6 Lausir endar fyrir aðalfund
 - 7 Önnur mál
-

1 Endurskoðunarskýrsla 2021

Lagt fram á fundinum: Endurskoðunarskýrsla 2021 HEF veitur.

Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG kynnti endurskoðunarskýrslu fyrir HEF veitur ehf. fyrir árið 2021.

2 Ársreikningur 2021 – til samþykktar

Lagt fram á fundinum: Ársreikningur HEF veitur

MJ fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi.

Stjórn HEF veitna ehf. leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa 2022 vegna rekstrarársins 2021, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Helstu tölur úr ársreikningi:

Helstu tölur úr ársreikningi:	2021	2020	2019
Rekstrartekjur	641.210.938	489.682.296	449.465.450
Rekstrargjöld	233.601.750	187.233.121	170.765.809
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	407.609.188	302.449.175	278.699.641
Afskriftir	106.843.821	102.090.414	86.505.836
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	300.765.367	200.358.761	192.193.805
Hrein fjármagnsútgjöld	26.214.146	67.674.500	55.648.700
Hagnaður fyrir tekjuskatt	274.551.221	132.684.261	136.545.105
Hagnaður ársins	250.939.204	121.305.956	124.569.089
Eigið fé	1.469.374.462	1.069.348.471	948.042.515
Eigið fé og skuldir samtals	2.630.556.602	2.421.951.369	2.096.411.953
Langtímaskuldir	916.244.971	1.151.373.386	994.931.544
Eiginfjárhlutfall	55,9%	44,2%	45,2%

Ársreikningur 2021 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra. Fundarmenn í fjarfundi munu undirrita ársreikninginn á næstu dögum.

MJ yfírgaf fundinn.

3 Vatnsveita inn fyrir Ketilstaði á Völlum

ÓGM mætti til fundar.

Fyrir fundinum liggur minnisblað um leiðaval og áætlaðan kostnað við stofn- og dreifikerfisviðbót við Köldukvíslarveitu frá Ketilstöðum, þar sem stofninn endar í dag. Tengistaðir sem skoðaðir hafa verið eru Beinárgerði, Sellækur, Kaldá, Eyjólfsstaðir og sumarhús í Hjallaskógi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu, reikna heimlagngjöld og eiga samtal við mögulega viðskiptavini um framhaldið.

4 Hitaveita í Eiða – niðurstöður frummats á leiðarvali

Fyrir fundinum liggur minnisblað um leiðaval og áætlaðan kostnað við hitaveitu í Eiða. Stjórn fjallar um mögulegar leiðir fyrir lögn til Eiða. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu og kanna þátttökuvilja húseigenda á leiðinni og á Eiðum.

ÓGM yfírgaf fundinn.

5 Hitaveita í Eiða – gagnkvæm viljayfirlýsing

Fyrir fundinum liggja drög að viljayfirlýsingu HEF veitna og Eiðar village ehf. um lagningu hitaveitu í Eiða. Framkvæmdastjóra falið að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd HEF veitna með þeim breytingum sem lagðar voru til og samþykktar á fundinum.

6 Lausir endar fyrir aðalfund

Farið yfir stöðu mála er varðar aðalfund sem haldinn verður þann 17. mars næstkomandi.

7 Önnur mál

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá

Fundi slitið kl. 12:26.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfssdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2022
